



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

585. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 16. september 2024
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Þór Sigurgeirsson, varaformaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Farið yfir stöðu mála varðandi uppfærslu Samgöngusáttmálans.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Umræður

Regína Ásvaldsdóttir formaður stjórnar tók sæti á fundinum kl. 13:08 og tók þá við stjórn hans.

2. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirliggjandi er bókun Samstarfsnefndar skíðasvæðanna dags. 10. september 2024, en á 583. fundi var fyrirliggjandi skýrslu um uppbyggingu til framtíðar á skíðasvæðinu í Skálafelli vísað til nefndarinnar til umræðu og tillögugerðar til stjórnar SSH. Umræður.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

3. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - 2409009

Fyrirliggjandi er erindi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, sem barst hinn 11. september 2024, þar sem óskað er eftir tilnefningum stjórnar SSH til stjórnar og stefnuráðs Markaðsstofunnar en SSH skal tilnefna fjóra stjórnarmenn auk tveggja til vara og sex einstaklinga í stefnuráð. Tilnefningar SSH skulu skv. samþykktum markaðsstofunar berast a.m.k. viku fyrir aðalfund ár hvert en hann verður haldinn 22. október nk.

Núverandi fulltrúar SSH í stjórn, sem tilnefnd voru á 551. fundi stjórnar, eru Elísabet Sveinsdóttir, varabæjarfulltrúi í Kópavogi, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði, Sævar Birgisson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík sem jafnframt er formaður stjórnar. Varamenn eru Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir, varabæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi og Stella Stefánsdóttir, varabæjarfulltrúi í Garðabæ. Núverandi fulltrúar SSH í stefnuráði markaðsstofunnar eru Andri Ómarsson Hafnarfirði, Gísli S. Brynjólfsson Reykjavík, Hulda Hauksdóttir Garðabæ, Lovísa Jónsdóttir Mosfellsbæ, María Björk Óskarsdóttir Seltjarnarnesi og Sverrir Kári Karlsson Kópavogi.

Í framangreindu erindi er einnig óskað samþykktar stjórnar SSH á breytingum á samþykktum stofunnar, en um er að ræða annars vegar breytingar á heimilisfangi og hins vegar er hjáheiti stofnunarinnar fellt brott til samræmis við tilmæli Skattsins.

Niðurstaða:

Tilnefningar SSH til stjórnar og stefnuráðs Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins verða óbreyttar frá fyrra ári.

Breytingar á samþykktum stofunnar, að því er varðar hjáheiti og heimilisfang, eru staðfestar.

4. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Byggðastofnunar dags. 4. september 2024 þar sem fram kemur beiðni stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál um fund með SSH nú í haust. Markmið fundarins yrði að kynna stöðu sóknaráætlunar og verkefna hennar.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 98. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 2. september 2024.

Niðurstaða:

Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál verði boðið að koma á næsta reglulega fund stjórnar 7. október nk.

Lagt fram til kynningar

5. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 424. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 10. september 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

6. Önnur mál - 2110011

Umræður um stöðu mála nr. 1903001 um samstarf um uppbyggingu á sérskóla á grunnskólastigi, og nr. 2201002 um samstarf um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Á 552. fundi var, eftir nokkra vinnu að fyrrgreindum málum, ákveðið að bíða með frekari skoðun á fýsileika samstarfs þar til stýrihópur sem er með til skoðunar tillögur um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda hefði lokið störfum. Framkvæmdastjóra SSH er falið að fylgja eftir stöðu þess og framangreint verði þá tekið til umræðu að nýju. Þá var áréttað mikilvægi þess að fundur með mennta- og dómsmálaráðherra,



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, forstjóra Barna- og fjölskyldustofu og fulltrúa LSH sem óskað var eftir í kjölfar 583. fundar, fari fram sem fyrst.

Niðurstaða:

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.